

**B 314/tillvæxt**

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

Ráðherranefndartillögu um**Norræna samstarfsáætlun um stefnu í atvinnulífi og nýsköpun 2018–2021****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að ráðast í samstarfið með hliðsjón af athugasemdum Norðurlandaráðs við samstarfsáætlunina.

Forsaga

Norræna ráðherranefndin (atvinnuvegaráðherrarnir) hefur samþykkt til bráðabirgða nýja samstarfsáætlun um stefnu í atvinnulífi og nýsköpun 2018–2021.

Nálgunin í nýju áætluninni byggir á þverfaglegu samstarfi fagsviða og málaflokka og tekur til ýmissa málefna. Áhersluliðir samstarfsáætlunarinnar eru eftirfarandi:

- 1 Að tryggja skjóta aðlögunarhæfni
- 2 Að efla nýsköpunar- og samkeppnishæfni
- 3 Að bæta hnattræna markaðsmöguleika

Undir fyrsta lið er talað um norrænt samstarf um að mæta tækninýjungum, svo sem gervigreind, „interneti hlutanna“, grænum umskiptum og fleiru. Einnig er bent á málefni á borð við stafræna þróun og ný græn viðskiptalíkön.

Undir öðrum lið er áhersla meðal annars lögð á hið opinbera sem drifkraft nýsköpunar, auk bætts aðgengis að áhættufjármagni yfir landamæri á Norðurlöndum.

Undir þriðja lið er talað um Norðurlönd sem hnattræna nýsköpunarmiðstöð og um samstarf á alþjóðlegum mörkuðum.

Fjórði liðurinn er almennur og lýtur að norrænu samstarfi um að efla norræna hagsmuni í tengslum við ESB. Hér er um að ræða snemmbært hagsmunaeftirlit og tilraun til að fella samnorrænar stefnumótandi lausnir inn í miðlægar ESB-áætlanir eða pólitísk átaksverkefni. Einnig á að auka samstarf um innleiðingu tilskipana ESB



og lagasetningu í löndunum, svo að fyrirtæki eigi auðveldara með að reka starfsemi yfir landamæri Norðurlanda.

Sjónarmið nefndarinnar

Norðurlandaráðið hefur tvisvar gefist kostur á að hafa áhrif á drög að samstarfsáætluninni og koma með athugasemdir þar að lútandi.

Í tengslum við nefndafundi í janúar 2017 kynnti norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin einhver sinna sjónarmiða fyrir fulltrúum frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Margar þessara athugasemda og óska hafa verið teknar til greina. Meðal annars eftirfarandi:

- Nýsköpun sem sé drifin áfram af hinu opinbera
- Græn viðskiptalíkön
- Áhættufjármagn yfir landamæri
- Skýr áhersla á aðgengi að hæfni
- Að Norðurlönd veki máls á málefnum á vettvangi ESB
- Að þróa nýskapandi tæki í atvinnulífsmálum og læra hvert af öðru, byggt á kortlagningu á kjarnahæfni landanna á sviða- og svæðavísu

Málefni sem ekki eru nefnd með skýrum hætti í samstarfsáætluninni, en sem nefndin tók fyrir eins og æskilegt þótti, eru:

- Deiliahagkerfi
- Trésmíði sem liður í umskiptum til græns hagkerfis
- Vægi hönnunar
- Nánara samspil handverksgreina og háskólagreina
- Aukin áhersla á að skapa hagvöxt á öllum svæðum Norðurlanda (ekki bara á stórborgarsvæðunum)

Engu að síður er vel hugsanlegt að einhver þessara sviða verði hluti af starfinu þegar samstarfsáætluninni verður hrint í framkvæmd með hinum ýmsu áætlunum og verkefnum.

Almennt telur nefndin að Norræna ráðherranefndin hafi lagt áherslu á sum þeirra málefna sem varða hvað mestu fyrir framtíð okkar, og sér að samstarfsáætlunin hefur meðvitað verið sett fram með opnum hætti þannig að unnt verði að laga forgangsatríði hennar að málefnum sem efst eru á baugi hverju sinni án þess að stefna eða áherslur líði fyrir það.



Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur því til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að ráðast í samstarfið með hliðsjón af athugasemdum Norðurlandaráðs.

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Erlend Wiborg (FrP)
Håkan Svenneling (V)
Juhana Vartiainen (saml)
Katri Kulmuni (cent)
Kjell-Idar Juvik (A)
Lars Tysklind (L)
Lena Asplund (M)
Magni Arge (T)

Mikael Staffas (Lib)
Mikkel Dencker (DF)
Per Olaf Lundteigen (Sp)
Pyry Niemi (S), formaður
Pål Jonson (M)
Ruth Mari Grung (A)
*Torgeir Knag Fylkesnes (SV),
varaformaður*